

110. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 16. ágúst 2023, kl. 12:30 að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Katrín Helga Reynisdóttir, Friðrik Ómarsson, Sigurður Sigurbjörnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson og Sveinn Gíslason.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:45 og stýrði honum, fundinn ritar Kristján Ingi Gunnarsson.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 109. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Kosið um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórnarformaður lagði aftur fram uppfærða útgáfu af samþykktum Markaðsstofu Kópavogs, sjá fskj.

3.1. Breytingar á samþykktum miða að því að breyta tilgangi með rekstri sjálfseignastofnunarinnar Markaðsstofu Kópavogs, kt. 560713-1180 þannig að breyttar samþykktir nái yfir rekstur atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp. Samþykktirnar voru teknar fyrir á 105. stjórnarfundum Markaðsstofunnar og samþykktar á 109. stjórnarfundum stofnunarinnar. Breytingar á samþykktum sem lagðar voru fram á 109. Stjórnarfundum og voru lagðar aftur til samþykktar á þessum fundi.

Samkvæmt samþykktum stofnunarinnar þarf stjórn að samþykkja breytingar á samþykktum með öllum greiddum atkvæðum, á tveimur stjórnarfundum og hefur það verið gert.

Samþykktir voru lagðar aftur fram til samþykktar í heild og samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur um útfærslur á starfsemi SKÓP (*þrif, starfsmaður o.þ.h.*)

Fráfarandi framkvæmdastjóri lagði til við Kristján Inga um að Tekt birtingar og markaðsráðgjöf taki við rekstri SKÓP og verði gerður samstarfssamningur. Kristján lagði fram þessa tillögu í fjarveru Björns sem snýr að því að Tekt sinni þeim verkefnum sem fylgir starfsemi SKÓP eins og markaðssetning, viðvera og ráðgjöf, þrif og bókhald og önnur tilfallandi verkefni sem snúa að SKÓP. Kristján Ingi véc af fundi með stjórn ræddi tillögu. Kristján Ingi var boðaður aftur inn á fund og stjórn lagði til að framkvæmdastjóri og fulltrúar Tekt myndu útbúa drög að samning sem yrði svo lagður fyrir stjórn til samþykktar.

5. Önnur mál

Stjórn óskaði eftir því að fá uppfærða fjárhagsáætlun og betur sundur liðaða, einnig var óskað eftir því að staðfest yrði hvort að húsgögn og fleira sem verið er að sækja til samstarfsaðila myndu skila sér en gott væri að fá það staðfest fyrir 1.september.

Næsti stjórnarfundur var ákveðinn þann 30.ágúst og Aðalfundur SKÓP verði 13.september

Fleira ekki gert, fundi slitið 13:48.